

Nd.

111. Frumvarp

til laga um opinbera vinnu.

Flutningsm.: Héðinn Valdimarsson, Haraldur Guðmundsson,
Sigurjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Opinber vinna telst í lögum þessum öll sú vinna, sem unnin er af óiðn-lærðu daglaunafólki fyrir reikning ríkissjóðs, sveitar-, bæjar- og sýslusjóða og stofnana þeirra, svo og öll slík vinna, sem unnin er fyrir reikning einstakra manna og félaga, ef styrkur er veittur af opinberu fé til þeirra framkvæmda, sem unnið er að.

2. gr.

Vinnudagur við opinbera vinnu skv. 1. gr. skal eigi vera lengri en 9 stundir á dag, þar í taldar tvær hálfar stundir til kaffidrykkju. Matartími skal vera minnst ein klukkustund á dag, sem telst ekki til vinnutímans. Sé unnið fram yfir þennan tíma, telst sá tími eftirvinnutími. Það telst þó eigi eftirvinna, þótt unnið sé allt að einni klukkustund fram yfir á dag allt að 5 daga vikunnar, ef það er gert með samþykki verkafólksins og vinnutíminn er þeim mun skemmri einn dag vikunnar.

3. gr.

Kaupgjald fullvinnandi verkafólks við opinbera vinnu skv. 1. gr. má aldrei vera lægra fyrir hvern vinnudag skv. 2. gr. en það er ákveðið með gildandi kaup-taxta verklýðsfélaga eða kaupgjaldssamningum þeirra á hverjum stað og tíma fyrir almennan vinnudag. Sama er um kaup fyrir eftirvinnu.

4. gr.

Nú er ekkert verklýðsfélag á þeim stað, þar sem opinber vinna er unnin, og skal þá lágmark dagkaups skv. 2. gr. og eftirvinnukaups eigi vera lægra en skv. gildandi kauptaxta eða kaupgjaldssamningi þess verklýðsfélags, sem næst er.

5. gr.

Nú tekur félag eða einstaklingur að sér í ákvæðisvinnu framkvæmd opinberra verka og hefir verkafólk í vinnu, og er honum eða því þá skylt að hlíta ákvæðum laga þessara um hámark vinnudags og lágmark dagkaups. Geri hann eða það það eigi, telst það brot á verkisamningi og varðar að auki sektum skv. 6. gr.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 100—5000 króna sektum.

7. gr.

Mál, er rísa kunna út af brotum gegn lögum þessum, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

8. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. júlí 1932.

Greinargerð.

Samkvæmt bæjarsamþykktum um lokun sölubúða er venjulegur vinnudagur verzlunarfólks um 9 stundir, þar sem búðir eru opnar frá kl. 9 f. h. til 7 e. h., með einnar klukkustundar matartíma. Kaffítími er í vinnutímanum. Verkafólk í landi hefir enga slíka lögvernd á vinnutíma sínum, og er þess þó eigi minni þörf, að hóf sé haft á vinnutíma þess og það verndað gegn of langri vinnu.

Í frv. þessu er einungis farið fram á það, að í opinberri vinnu sé vinnutími verkafólks ekki að jafnaði lengri en hinn venjulegi vinnutími verzlunarfólks, og virðist svo, sem hið opinbera, ríkið, bæjar- og sveitarfélögin, eigi að ganga á undan í þessu máli með góðu eftirdæmi. Á Siglufirði er aðeins 8 stunda vinnudagur hjá bæjarfélaginu, og þykir gefast vel. Viðast annarsstaðar mun vinnudagurinn vera 10 tímar. Það mun sýna sig við takmörkun vinnutímans við 9 stundir, að afkast verkafólksins mun eigi verða minna eftir daginn en áður með 10 stunda vinnu, og mega því allir aðilar vel við una, hið opinbera við, að eins vel vinnst sem fyrr, svo að hagræði verður að styttingu vinnutímans, en verkafólkið mundi fá eina dýrmæta klukkustund að auki til hvíldar eða tómstundaiðkana.

Það virðist og sjálfsagt, að sömu lög nái yfir vinnu einstaklinga eða fyrirtækja, sem njóta opinbers styrks eða sem unnin eru í ákvæðisvinnu fyrir hið opinbera.

Þá eru og ákvæði þess efnis í frv., að kaupgjald í opinberri vinnu megi aldrei vera lægra fyrir hvern vinnudag en kaup-taxti eða kaupsamningar verklyðsfélaga við atvinnurekendur segir til um. Misbrestur hefir orðið á þessu undanfarið, sérstaklega hjá ríkissjóði, en flest bæjarfélögin hafa fylgt þessari reglu. Það er í alla staði ósæmilegt, að almenn vinna, sem unnin er fyrir opinbert fé,

skuli greidd lægra verði en einstaklingarnir á sama stað greiða hana, og ætti hið opinbera frekar að ganga í fararbroddi með að greiða verkafólki viðunandi kaupgjald. Hér er þó ekki farið fram á annað en að hið opinbera verði ekki notað sem árásarafi á kaupgjaldssamtök verkalýðsins, heldur greiði gildandi kauptaxta.

Að öðru leyti þarfnast frv. ekki nánari skýringar.